

Hafnarfirði, 11. mars 2020

Málnr.1801408

Minnisblað sviðsstjóra vegna bókunar umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 26. febrúar sl.

Tekið fyrir að nýju staða verkefna og aðgerðaráætlun ársins 2020. Frestað frá síðasta fundi.

"Umhverfis- og framkvæmdaráð óskar eftir upplýsingum frá fræðsluráði varðandi mælingar á matarsóun í leik- og grunnskólum.

Eftirfarandi er lýsing á því hvernig Skólamatur ehf. mælir matarsóun í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði unnin út frá upplýsingum frá Jóni Axelssyni framkvæmdastjóra Skólamatar ehf:

Mánaðarlega er ákveðinn matseðill fyrir hvern virkan dag, þar sem hver dagur hefur sína uppskrift, skilgreiningu og númer. Hver dagur hefur uppskrift fyrir aðalrétt, hliðarrétt og sérfæði.

Í uppskrift og skilgreiningu dags felst:

- magn innihaldsefna á hverja einingu
- næringarútreikningar á hver 100 gr. matar og fyrir hvern einstakling
- innihaldslýsing og ofnæmisvaldar
- sérfæðisskilgreining

Magn aðalréttar, meðlætis og hliðarréttar sem sent er í skóla er svo ákveðið daglega og skráð sérstaklega fyrir hvern skóla eða útstöð.

Magnið er ákveðið miðað við fjölda, þ.e. skráðar mataraskriftir og áætlaða lausasölu og áætlaða mætingu starfsfólks.

Magn á hverja einingu er ákveðið út frá uppsafnaðri skráningu á raunverulegu magni af mat.

Hlutfall aðalréttar og hliðarréttar er einnig ákveðið út frá uppsafnaðri skráningu og reynslu.



HAFNARFJÖRÐUR

Daglega er gerð skýrsla á hverri útstöð þar sem m.a. er skráður raunverulegur fjöldi í mat, mótttekið magn og magn matvæla sem notað var, ásamt ánægju og almennum athugasemdum. Einnig er vigt á lífrænum matarafgöngum skráð.

Þessi gögn eru m.a. notuð til að vinna upplýsingar um magnáætlun næst þegar þessi réttur er á matseðli.

Tölvukerfi sem nemendur grunnskóla skrá áskriftanúmer sýnir ávalt fjölda áskrifenda sem hefur þegar skráð sig og fjölda skrifenda sem á eftir að mæta. Það auðveldar starfsfólki í mötuneyti að bera saman notað magn, mætingu og áætla þannig hvað mikið á eftir að nota. Þannig má betur sjá hvort þanta þurfi viðbótarmat. En í þeim tilfellum þar sem ekki er sent nægjanlega mikið magn af mat á útstöð ber starfsmanni á útstöð að þanta viðbótarmat. Sé þetta gert tímanlega þá geta bílstjórar komið með aukamat.

Mælikvarðar á matarsóun eru:

- hlutfall af mat sem sendur er í skóla en ekki nýttur
- vigt matarafganga í hlutfalli af fjölda notaðra matardiska

Tölur fyrir hverja útstöð eru skoðaðar daglega og bornar saman yfir lengri tímabil.

Ofangreint ferli lýsir grunnskóla í mataráskrift. Leikskólar notast ekki við áskriftatölvur eða sjálfskömmtun en eru að öðru leiti eins í skráningu á matarsóun.

Vikulega fara stjórnendur Skólamatar yfir upplýsingar um fjölda, matarsóun og ánægju rétta.

Hér má sjá mælingar um skilahlutfall og vigt á lífrænu.

Tölurnar eru meðaltal fyrir fyrstu tíu vikur þessa árs. Ekki er hægt að taka þær alveg bókstaflega en þær gefa sterka vísbendingu um nýtinguna

Average of skila% Aðal	Column Labels										Grand Total
Row Labels	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Grand Total
Engidalsskóli	20%	8%	4%	14%	15%	3%	3%	40%	11%	3%	9%
Hraunvallaskóli		10%	7%	7%	11%	15%	15%	28%	12%	9%	12%
Hvaleyrarskóli		22%	16%	18%	23%	17%	10%	24%	32%	18%	20%
Leikskólinn Álfaberg	0%	3%	3%	6%	0%	0%	0%	0%	8%	1%	3%
Leikskólinn Bjarkalundur	40%	14%	19%	17%	0%	11%	16%	35%	27%	22%	20%
Leikskólinn Hraunvallaskóli	0%				0%			13%			6%
Leikskólinn Víðivellir			0%		0%	7%	0%	0%		0%	1%
Lækjarskóli		12%	16%	14%	16%	9%	19%	25%	20%	8%	14%
Setbergsskóli		15%	11%	13%	17%	18%	16%	35%	23%	12%	16%
Skarðshlíðarskóli		13%	10%	20%	25%	4%	16%	21%	19%	18%	15%
Víðistaðaskóli		13%	3%	13%	19%	26%	23%		17%	14%	15%
Öldutúnsskóli	16%	16%	17%	13%	25%	17%	13%	29%	20%	17%	18%
Grand Total	19%	13%	11%	13%	16%	11%	12%	24%	19%	10%	14%

Average of vikt pr disk	Column Labels										Grand Total
Row Labels	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Grand Total
Engidalsskóli	0,030	0,041	0,041	0,061	0,044	0,061	0,053	0,063	0,040	0,049	0,049
Hraunvallaskóli		0,050	0,056	0,063	0,067	0,059	0,062	0,061	0,050	0,065	0,059
Hvaleyrarskóli		0,058	0,059	0,066	0,059	0,055	0,223	0,080	0,066	0,081	0,086
Leikskólinn Álfaberg											
Leikskólinn Bjarkalundur											
Leikskólinn Hraunvallaskóli	0,041				0,054			0,048			0,048
Leikskólinn Víðivellir											
Lækjarskóli		0,048	0,054	0,043	0,042	0,036	0,047	0,038	0,039	0,045	0,044
Setbergsskóli		0,037	0,036	0,038	0,047	0,040	0,048	0,040	0,027	0,033	0,039
Skarðshlíðarskóli		0,102	0,048	0,038	0,038	0,035	0,038	0,030	0,042	0,037	0,048
Víðistaðaskóli		0,047	0,051	0,053	0,039	0,039	0,053		0,045	0,043	0,046
Öldutúnsskóli	0,063	0,056	0,066	0,062	0,051	0,053	0,064	0,039	0,053	0,041	0,055
Grand Total	0,045	0,056	0,052	0,053	0,049	0,047	0,075	0,050	0,045	0,050	0,053

Tekið saman af:

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs